



Akureyrarbaer

# Kynning fyrir nýja bæjarfulltrúa og nýtt nefndarfólk

Dan Brynjarsson, sviðsstjóri fjársýslusviðs

Kristín Baldvindóttir, forstöðumaður hagþjónustu

júní 2022

# Efnisyfirlit



Akureyrarbær

- Ársreikningur sveitarfélaga
- Fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga
- Fjárhagsáætlun, fjárhagsáætlunarferli og viðaukar
- Opinber innkaup
- Reglur um innherja

# Ársreikningar sveitarfélaga



Akureyrarbær

- Helstu lög og reglugerðir sem gilda um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga eru:
  - Lög um bókhald nr. 145/1994
  - Lög um ársreikninga nr. 3/2006
  - Reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga
  - Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 - VII. kafli.
  - Reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga
  - Reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015
  - Reglugerð um rafræna reikninga, rafrænt bókhald o.fl. nr. 505/2013

# Ársreikningar sveitarfélaga



Akureyrarbær

*Úr Sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 61. gr.*

- Gera skal ársreikning fyrir **sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki** þess. Jafnframt skal gera **samstæðureikning** fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og lögum þessum, sem og góðri reikningsskilavenju.
- Í ársreikningi skal koma fram samanburður við:
  - a. ársreikning undanfarins árs,
  - b. upphaflega fjárhagsáætlun ársins,
  - c. fjárhagsáætlun ársins ásamt viðaukum.
- Ársreikningur sveitarfélags skal fullgerður og samþykktur af byggðarráði eða framkvæmdastjóra sveitarfélags þar sem ekki er byggðarráð og **tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.** Sveitarstjórn skal hafa **lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélags, stofnana sveitarfélags og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.**

# Ársreikningar sveitarfélaga



Akureyrarbær

- Rekstrareiningum sveitarfélaga er skipt í **A-hluta stofnanir** og **B-hluta fyrirtæki**.
- Til A-hluta teljast aðalsjóður og aðrar stofnanir sem fjármagnaðar eru með skatttekjum.
  - Dæmi um A-hluta stofnanir:
    - **Aðalsjóður.**
    - Eignasjóðir: **Fasteignir Akureyrarbæjar, Eignasjóður gatna.**
    - Þjónustumiðstöð: **Umhverfismiðstöð.**
- Til B-hluta teljast fyrirtæki í eigu sveitarfélags sem fjármögnuð eru með þjónustutekjum.
  - Dæmi um B-hluta fyrirtæki:
    - **Félagslegar íbúðir.**
    - **Bifreiðastæðasjóður.**
    - **Hafnarsjóður.**
    - Veitufyrirtæki: **Norðurorka.**

# Ársreikningar sveitarfélaga:




Akureyrarbær


- Rekstri **aðalsjóðs** er skipt í málaflokka og er bókhald allra sveitarfélaga í landinu fært í samræmi við þessa flokkun. Málaflokkarnir eru:
  - 100 – Skatttekjur.
  - 102 – Félagsþjónusta.
  - 103 – Heilbrigðismál.
  - 104 – Fræðslu- og uppeldismál.
  - 105 – Menningarmál.
  - 106 – Íþróttar- og æskulýðsmál.
  - 107 – Brunamál og almannavarnir.
  - 108 – Hreinlætismál.
  - 109 – Skipulags- og byggingamál.
  - 110 – Umferðar- og samgöngumál.
  - 111 – Umhverfismál.
  - 113 – Atvinnumál.
  - 121 – Sameiginlegur kostnaður.
  - 122 – Lífeyrisskuldbindingar.
  - 128 – Fjármagnsliðir.

Aðalsjóður er **hefðbundin starfsemi** sveitarfélags er lýtur fyrst og fremst að **lögbundnum verkefnum** og er að hluta eða öllu leyti **fjármögnuð af skatttekjum**, en án annarra sjóða og stofnana í A-hluta.

# Málaflokkar aðalsjóðs og skipurit:



## Skipting útgjalda í aðalsjóði (2021)



Akureyrarbær



# Ársreikningar sveitarfélaga:



Akureyrarbær

## Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Áritun óháðra endurskoðenda

Rekstrarreikningur

Efnahagsreikningur

Yfirlit um sjóðstreymi

Skýringar

**Rekstrarreikningur:** yfirlit yfir tekjur og gjöld fyrir ákveðið tímabil (t.d. almannaksár).

**Efnahagsreikningur:** Staða eigna og skulda í lok sama tímabils (áramót).

- Skýringar eru mikilvægur hluti af reikningsskilunum.
- Skýringar fela í sér margháttáðar upplýsingar um þær aðferðir sem reikningsskilin eru grundvölluð á.
- Þá eru í skýringum margháttáðar upplýsingar um fjárhagslega stöðu fyrirtækisins sem ekki rúmast í rekstrar- og efnahagsreikningi né í yfirliti um sjóðstreymi.

# Rekstrarreikningur ársins 2021



Akureyrarbær

Skýr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti				
	2021	Áætlun með viðaukum	2020	2021	Áætlun með viðaukum	2020		
<b>Rekstrartekjur</b>								
Skatttekjur .....	14.269.443	13.023.410	12.966.952	14.204.582	12.918.410	12.903.891		
Framlög jöfnunarsjóðs .....	3.885.065	3.717.623	3.940.933	3.885.065	3.717.623	3.940.933		
Aðrar tekjur .....	4.171.179	3.670.123	3.814.006	10.346.864	8.174.912	10.769.398		
3	22.325.687	20.411.156	20.721.891	28.436.511	24.810.945	27.614.222		
<b>Rekstrargjöld</b>								
Laun og launatengd gjöld .....	4	(13.422.747)	(13.345.715)	(12.712.178)	(15.702.071)	(14.791.466)	(16.545.597)	
Hækkun lífeyrisskuldbindinga ...	15	(245.759)	(600.000)	(1.070.474)	(279.350)	(600.000)	(1.087.944)	
Annar rekstrarkostnaður .....		(6.338.515)	(5.949.458)	(6.798.918)	(7.932.503)	(6.924.585)	(8.011.822)	
		(20.007.022)	(19.895.173)	(20.581.570)	(23.913.924)	(22.316.051)	(25.645.363)	
<b>Rekstrarniðurst. fyrir afskriftir</b>		2.318.665	515.983	140.321	4.522.587	2.494.894	1.968.858	EBITDA
Afskriftir .....	7	(999.184)	(1.016.863)	(991.055)	(2.062.643)	(2.013.165)	(1.995.692)	EBIT
<b>Rekstrarniðurst. án fjármunatækna og fjármagnsgjalda</b>		1.319.481	(500.880)	(850.734)	2.459.944	481.729	(26.833)	Hagnaður (tap) af reglulegri starfsmi
Fjármt. og fjármsgj .....	5	(1.001.276)	(945.900)	(772.889)	(1.681.560)	(1.620.663)	(1.622.639)	Hagnaður (tap) ársins
<b>Rekstrarniðurst. fyrir skatta og áhrif hlutdeildarfélag</b>		318.205	(1.446.780)	(1.623.623)	778.385	(1.138.934)	(1.649.473)	
Tekjuskattur .....		0	0	0	(71.850)	(45.046)	(1.660)	
Áhrif hlutdeildarfélag .....	9	0	0	0	45.900	0	39.542	
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>		318.205	(1.446.780)	(1.623.623)	752.435	(1.183.980)	(1.611.591)	

# Efnahagsreikningur



Akureyrarbær

Eignir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
<b>Fastafjármunir</b>					
<b>Óefnislegar eignir</b>					
Viðskiptavild .....	8	0	0	17.937	25.111
		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>17.937</u>	<u>25.111</u>
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>					
Fasteignir og lóðir .....	7	26.426.716	24.436.059	30.054.079	28.039.117
Veitukerfi, hafnamannvirki og götur .....	7	2.069.166	2.196.377	20.571.170	20.421.281
Vélar, áhöld og tæki .....	7	1.069.590	1.062.546	2.136.001	1.838.648
Leigðar eignir .....	7	134.765	188.199	134.765	188.199
		<u>29.700.237</u>	<u>27.883.182</u>	<u>52.896.015</u>	<u>50.487.245</u>
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur</b>					
Eignarhlutir í dótturfélögum .....	9	40.521	40.521	40.521	40.521
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	9	0	0	369.917	340.645
Stofnframlög og eignarhlutir í öðrum félögum .....	10	543.221	543.221	668.988	623.579
Langtímakröfur .....	11	1.097.196	1.064.212	1.046.847	1.016.324
Fyrirframgreitt vegna lífeyrisskuldbindinga .....	21	1.114.074	1.162.455	1.114.074	1.162.455
		<u>2.795.012</u>	<u>2.810.408</u>	<u>3.240.347</u>	<u>3.183.523</u>
		<u>32.495.248</u>	<u>30.693.590</u>	<u>56.154.298</u>	<u>53.695.879</u>

# Efnahagsreikningur

Eignir - Framhald

## Veltufjármunir

	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
Birgðir .....		101.219	65.186	321.412	302.840
Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur .....	13	1.765.822	1.531.663	2.156.482	1.964.905
Næsta árs og gjaldf. afb af langtímakröfum .....	11	68.814	67.800	69.544	66.144
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	21	48.381	48.381	48.381	48.381
Kröfur á tengd félög .....		0	0	4.260	8.392
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		1.136.156	685.777	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....		261.775	214.462	265.771	291.584
Markaðsverðbréf .....		525.656	499.614	539.280	513.019
Handbært fé .....		2.654.001	2.422.934	3.215.434	2.512.538
		<u>6.561.824</u>	<u>5.535.817</u>	<u>6.620.563</u>	<u>5.707.803</u>
<b>Eignir</b>		<u>39.057.072</u>	<u>36.229.407</u>	<u>62.774.861</u>	<u>59.403.681</u>

Eignir utan efnahagsreiknings

7



Akureyrarbær

Skammtímakröfur

# Efnahagsreikningur - Framhald

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2021	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eigið fé</b>	14				
Eiginfjárreikningur .....		14.139.216	12.992.722	26.637.419	25.062.797
Eigið fé		<u>14.139.216</u>	<u>12.992.722</u>	<u>26.637.419</u>	<u>25.062.797</u>
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbindingar .....	15	4.501.882	4.640.812	4.885.503	4.992.903
Tekjuskattsskuldbinding .....	12	0	0	708.446	648.576
		<u>4.501.882</u>	<u>4.640.812</u>	<u>5.593.949</u>	<u>5.641.479</u>
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	16	15.991.880	14.715.505	25.356.395	23.745.715
Leiguskuldir .....	17	251.955	314.910	251.955	314.910
		<u>16.243.834</u>	<u>15.030.415</u>	<u>25.608.349</u>	<u>24.060.624</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Viðskiptaskuldir .....		720.947	720.466	1.051.760	1.020.569
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		305.053	60.624	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	16	803.644	661.001	1.299.052	1.048.374
Næsta árs afborganir leiguskulda .....	17	78.208	89.763	78.208	89.763
Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindinga .....	15	162.604	167.622	176.460	180.339
Fyrirfram innheimtar tekjur .....	18	707.238	248.215	707.238	248.215
Aðrar skammtímaskuldir .....		1.394.446	1.617.767	1.622.425	2.051.521
		<u>4.172.140</u>	<u>3.565.457</u>	<u>4.935.143</u>	<u>4.638.782</u>
Skuldir og skuldbindingar		<u>24.917.856</u>	<u>23.236.684</u>	<u>36.137.442</u>	<u>34.340.885</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>39.057.072</u>	<u>36.229.407</u>	<u>62.774.861</u>	<u>59.403.681</u>



**Akureyrarbær**

## Eigið fé

- Hlutfé
- Yfirverðsreikningur hlutfjár
- Lögbundinn varasjóður
- Óráðstafað eigið fé

## Langtímaskuldir

- Óverðtryggðar skuldir
- Verðtryggðar/gengistryggðar skuldir

**Eignir = skuldir + eigið fé**



# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021



Akureyrarbær

	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
		2021	viðaukum	2020	2021	viðaukum	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða ársins .....		318.205	(1.446.780)	(1.623.623)	752.435	(1.183.980)	(1.611.591)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir .....	7	999.184	1.016.863	991.055	2.062.643	2.013.165	1.995.692
Hagnaður af sölu eigna .....		(1.586)	0	(2.404)	(34.095)	0	(58.932)
Verðbr. eignarhl. í öðrum félögum .....		0	0	100.634	0	0	102.891
Verðb. og gengism. langtímalíða .....		544.219	431.003	375.060	831.817	647.389	840.881
Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaganna .....		0	0	0	(45.900)	0	(39.542)
Skattskuldbinding, breyting .....		0	0	0	59.870	93.881	(5.007)
Gjaldfærð lífeyrisskuldbinding .....	15	245.759	600.000	1.070.474	279.350	600.000	1.087.944
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<b>2.105.781</b>	<b>601.086</b>	<b>911.196</b>	<b>3.906.120</b>	<b>2.170.455</b>	<b>2.312.335</b>
Br. á rekstrartengdum eignum .....		(440.723)	48.381	81.988	(378.050)	38.381	104.250
Br. á rekstrartengdum skuldum .....		(222.841)	0	324.552	(389.676)	0	196.457
Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga .....		(389.707)	(350.000)	(334.012)	(390.629)	(350.000)	(349.013)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>1.052.510</b>	<b>299.467</b>	<b>983.724</b>	<b>2.747.765</b>	<b>1.858.836</b>	<b>2.264.029</b>

## Veltufé frá rekstri (fjármunamyndun)

- Þetta er mikilvæg fjárhæð sem segir til um það hve miklir fjármunir eru að myndast í rekstrinum.
- Hér hefur verið tekið tillit til þeirra rekstrarliða sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi s.s. afskrifta, verðbóta og gengismunar langtímalíða auk breytinga á skuldbindingum.


## Handbært fé frá rekstri

- Hér er á ferðinni önnur mikilvæg fjárhæð sem segir til um hversu miklu handbæru fé reksturinn skilaði þegar tekið hefur verið tillit til breytinga á skammtímalíðum, þ.m.t. fjárbindingar í birgðum og viðskiptakröfum og fjármögnunar með rekstrartengdum skuldum.



# Veltufé


## Veltufé frá rekstri A- og B- hluti



## Veltufjárhlutfall A- og B-hluta



## Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum



# Yfirlit um sjóðstreymi - Framhald

## Sveitarsjóður A hluti

## Samantekið A og B hluti

### Áætlun með

### Áætlun með

	Skýr.	2021	viðaukum	2020	2021	viðaukum	2020
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>							
Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm. ....	(1.988.168)	(2.579.000)	(1.695.491)	(3.570.304)	(4.397.850)	(3.921.370)	
Söluverð seldra rekstrarfjármuna .....	1.805	0	4.453	36.197	380	45.719	
Eignarhlutar í öðrum félögum .....	0	0	0	(32.684)	0	(63.780)	
Markaðsverðbréf .....	(26.041)	0	68.034	(26.261)	0	67.496	
Langtímakröfur, breyting .....	69.179	68.715	66.205	66.796	66.362	64.177	
Skammtímakröfur, breyting .....	171.598	0	(118.358)	171.598	0	(118.358)	
	<u>(1.771.628)</u>	<u>(2.510.285)</u>	<u>(1.675.156)</u>	<u>(3.354.657)</u>	<u>(4.331.108)</u>	<u>(3.926.116)</u>	
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Arður til hluthafa .....	0	0	0	(2.199)	0	(2.199)	
Tekin ný langtímalán .....	1.400.000	2.560.000	2.900.000	2.000.000	2.650.000	3.390.856	
Afborganir langtímalána .....	(702.887)	(920.671)	(502.974)	(1.145.367)	(1.318.472)	(841.010)	
Fyrirfram innh. tekjur, breyting .....	459.023	0	(36.115)	459.023	0	(36.115)	
Viðskiptar. eigin fyrirt., breyting .....	(205.950)	(267.471)	(475.124)	(1.668)	131.015	1.791	
Skammtímalán, breyting .....	0	0	0	0	0	(20.013)	
	<u>950.185</u>	<u>1.371.858</u>	<u>1.885.786</u>	<u>1.309.788</u>	<u>1.462.543</u>	<u>2.493.310</u>	
<b>Hækkun, (lækkun) handbærs fjár .....</b>	<b>231.067</b>	<b>(838.960)</b>	<b>1.194.354</b>	<b>702.896</b>	<b>(1.009.729)</b>	<b>831.223</b>	
Handbært fé í upphafi árs .....	2.422.934	2.422.934	1.228.579	2.512.538	2.512.539	1.681.315	
Handbært fé í lok árs .....	<u>2.654.001</u>	<u>1.583.974</u>	<u>2.422.934</u>	<u>3.215.434</u>	<u>1.502.810</u>	<u>2.512.538</u>	



**Akureyrarbær**

### Fjárfestingar

- Samantekt á fjárfestingum tímabilsins.
- Tekur bæði til fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum og eignarhlutum í félögum.
- Sala varanlegra rekstrarfjármuna færist einnig meðal fjárfestingarhreyfinga.

### Fjármögnun

- Meðal fjármögnunarhreyfinga færast innborganir á nýju hlutafé, úthlutun arðs, nýjar lántökur til langs tíma, afborganir langtímalána, skammtímafjármögnun frá lánastofnunum o.fl.


### Breyting á handbæru fé

- Þegar tillit hefur verið tekið til allra framangreindra stærða hefur verið leidd út breyting (hækkun/lækkun) á handbæru fé á tímabilinu.



## Afborganir langtímaskulda, ný langtímalán og veltufé frá rekstri (þ.kr.)

● Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum ● Tekin ný langtímalán ● Afborganir langtímalána ● Veltufé frá rekstri



Akureyrarbær

# Kennitölur



Akureyrarbær

• Kennitölur er samheiti yfir ýmis hlutföll sem reiknuð eru út frá ársreikningum sveitarfélaga og fyrirtækja.

• Kennitölur hafa einkum gildi við:

- Samanburð á rekstri og stöðu milli rekstrartímabila (ára)
- Samanburð á milli sveitarfélaga / fyrirtækja

• Kennitölurnar eru mjög margar og mismunandi. Þær gefa m.a. upplýsingar um:

- Fjárhagslegan styrkleika
- Greiðsluhæfi fyrirtækja
- Arðsemi
- Nýtingu fjármagns
- Veltuhraða eigna og margt fleira

# Rekstur sveitarfélaga – ýmsar kennitölur



Akureyrarbær

## •Hlutfall af rekstrartekjum:

- **Skatttekjur** = skatttekjur / rekstrartekjur
- **Framlög jöfnunarsjóðs** = framlög jöfnunarsjóðs / rekstrartekjur
- **Aðrar tekjur** = aðrar tekjur / rekstrartekjur
- **Laun og launatengd gjöld** = laun og launatengd gjöld / rekstrartekjur
- **Laun og launatengd gjöld án breytinga lífeyrisskuldbindinga** = laun og launatengd gjöld án breytinga lífeyrisskuldbindinga / rekstrartekjur
- **Annar rekstrarkostnaður** = annar rekstrarkostnaður / rekstrartekjur
- **Fjármagnsliðir nettó** = fjármagnsliðir nettó / rekstrartekjur
- **Rekstrargjöld** = rekstrargjöld / rekstrartekjur
- **Rekstrarniðurstaða** = rekstrarniðurstaða / rekstrartekjur


# Rekstur sveitarfélaga – ýmsar kennitölur



Akureyrarbær

## Á hvern íbúa:

- **Skatttekjur og framlög jöfnunarsjóðs** = skatttekjur og framlög jöfnunarsjóðs / fjöldi íbúa í árslok
- **Þjónustutekjur og aðrar tekjur** = þjónustutekjur og aðrar tekjur / fjöldi íbúa í árslok
- **Tekjur samtals** = tekjur samtals / fjöldi íbúa í árslok
- **Rekstrargjöld og fjármagnsliðir** = rekstrargjöld og fjármagnsliðir / fjöldi íbúa í árslok
- **Rekstrarniðurstaða** = rekstrarniðurstaða / fjöldi íbúa í árslok
- **Eignir** = eignir / fjöldi íbúa í árslok
- **Eigið fé** = eigið fé / fjöldi íbúa í árslok
- **Skuldir** = skuldir / fjöldi íbúa í árslok



## Rekstur sveitarfélaga / fyrirtækja – ýmsar kennitölur

### •Eiginfjárlutfall

- Hlutfall eigin fjár af heildarfjármagni sveitarfélagsins / fyrirtækisins. Það fer eftir tegund rekstrar hversu hátt eiginfjárlutfallið þarf að vera en almennt má segja að fjárhagslegur styrkur fyrirtækja er meiri eftir því sem hlutfallið er hærra.

$$\text{Eiginfjárlutfall} = (\text{eigið fé} * 100) / (\text{skuldir} + \text{eigið fé})$$


### •Veltufjárlutfall

- Hlutfallið milli veltufjármuna sveitarfélags / fyrirtækis og skammtímaskulda þess er kallað veltufjárlutfall. Almennt er gerð krafa til þess að hlutfallið sé **hærra en einn**, því annars á fyrirtækið á hættu að lenda í greiðsluerfiðleikum þar sem veltufé dugir ekki fyrir þeim skuldum sem greiða þarf á næstu mánuðum. Því hærra sem veltufjárlutfallið er, því meiri er geta fyrirtækisins til þess að standa við skuldbindingar sínar í nánustu framtíð.

$$\text{Veltufjárlutfall} = \text{veltufjármunir} / \text{skammtímaskuldir}$$



Akureyrarbær



## Rekstur sveitarfélaga / fyrirtækja – ýmsar kennitölur



Akureyrarbær

### •Lausafjárhlutfall

- Segir til um greiðsluhæfi fyrirtækisins með kvikum veltufjármunum. Huga verður að því hvort árstíðasveiflur eru í starfseminni og fleiri þáttum. Einnig þarf að huga að eðli þess rekstrar sem til skoðunar er. Sama lausafjárhlutfall getur þýtt vandræði fyrir eitt fyrirtæki en bent til þess að annað fyrirtæki sé vel rekið. Sum fyrirtæki verða að eiga miklar birgðir, eru með langan framleiðslutíma, veita langan greiðslufrest o.s.frv. meðan önnur eiga litlar birgðir og fá lengri greiðslufresti.

$$\text{Lausafjárhlutfall} = (\text{veltufjármunir} - \text{birgðir}) / \text{skammtímaskuldir}$$

### •Arðsemi eigin fjár

- Arðsemi eigin fjár segir til um það hvernig fyrirtæki hefur tekist að ávaxta fjármagn sem er bundið í fyrirtækinu.

$$\text{Arðsemi eigin fjár} = (\text{hagnaður eftir skatta af reglulegri starfsemi} * 100) / \text{meðalstaða eigin fjár án hagnaðar ársins}$$

## Rekstur sveitarfélaga / fyrirtækja – ýmsar kennitölur



Akureyrarbær

### Fjárbinding í viðskiptakröfum

- Hlutfallið segir til um hve stórt hlutfall árssölnunnar er bundið í viðskiptakröfum. Hægt er að margfalda það með fjölda daga í ári og fá út hversu marga daga sala er ógreidd. Þessa kennitölu má nota til þess að fylgjast með gjaldfresti og innheimtu.

$$\text{Fjárbinding í viðskiptakröfum} = \text{viðskiptakröfur} / \text{sala}$$

### Veltuhraði eigna

- Veltuhraði eigna er hlutfallið á milli rekstrartekna og heildareigna. Kennitalan á að svara spurningunni, hversu vel hafi tekist að nýta eignirnar til að skapa rekstrartekjur.

$$\text{Veltuhraði eigna} = \text{sala} / \text{meðaltal eigna}$$

Rekstur sveitarfélaga / fyrirtækja – ýmsar kennitölur



Akureyrarbær

### **Innra virði hlutafjár**

Þessi kennitala sýnir bókfært verð eigin fjár sem margfeldi af hlutafé.

**Innra virði hlutafjár = bókfært verð eigin fjár / nafnverð hlutafjár**

**EBITDA** (sjá glæru um rekstrarreikning)

Þessi kennitala sýnir hagnað fyrir afskriftir og fjármagnsliði.

**EBIT** (sjá glæru um rekstrarreikning)

Þessi kennitala sýnir hagnað fyrir fjármagnsliði.



# Ársreikningur Akureyrarbæjar

## 23. Yfirlit um lykiltölur



Akureyrarbær

	A hluti		A og B hluti	
	2021	Fjárhags- áætlun 2021	2021	Fjárhags- áætlun 2021
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>				
Skatttekjur .....	63,9%	63,8%	50,0%	52,1%
Framlög jöfnunarsjóðs .....	17,4%	18,2%	13,7%	15,0%
Aðrar tekjur .....	18,7%	18,0%	36,4%	32,9%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld.....	61,2%	68,3%	56,2%	62,0%
Laun og launat. gjöld án breytinga lífeyrisskuldbindinga.....	60,1%	65,4%	55,3%	59,6%
Annar rekstrarkostnaður.....	28,4%	29,1%	27,9%	27,9%
Fjármagnsliðir, nettó.....	4,5%	4,6%	5,9%	6,5%
Rekstrargjöld og fjármagnsliðir.....	94,1%	102,1%	90,0%	96,5%
Rekstrarniðurstaða.....	1,4%	-7,1%	2,6%	-4,8%
<b>Í þúsundum króna á íbúa:</b>				
Rekstur:				
Skatttekjur og jöfnunarsjóður.....	924	852	921	847
Aðrar tekjur.....	212	187	527	416
Rekstrartekjur samtals.....	1.137	1.039	1.448	1.263
Rekstrargjöld, fjármagnsliðir og skattar.....	1.108	1.082	1.398	1.293
Rekstrarniðurstaða ársins (regluleg starfsemi).....	29	(43)	50	(30)


# Ársreikningur Akureyrarbæjar

## 23. Yfirlit um lykiltölur



Akureyrarbær

Efnahagur:	A hluti		A og B hluti	
	Árið 2021	Árið 2020	Árið 2021	Árið 2020
Eignir.....	1.988	1.885	3.196	3.091
Eigið fé.....	720	676	1.356	1.304
Skuldir og skuldbindingar.....	1.269	1.209	1.840	1.787
<b>Aðrar lykiltölur:</b>				
Veltufjárhlutfall.....	1,57	1,55	1,34	1,23
Eiginfjárhlutfall.....	0,36	0,36	0,42	0,42
Heildarskuldir og skuldbindingar sem hlutfall af tekjum.....	112%	112%	127%	124%
Skuldahlutfall skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarf.....	61%	62%	86%	85%



# Afskriftir (fyrningar)

## •Hvað eru afskriftir:

- Afskriftir eru hluti rekstrargjalda fyrirtækis og er þeim ætlað að mæta rýrnun varanlegra rekstrarfjármuna. Afskriftir í reikningsskilum reiknast af kostnaðarverði eigna. Afskriftir eru reiknaðar út frá áætluðum endingartíma eignanna og fela þannig í sér dreifingu kostnaðar yfir áætlaðan líftíma þeirra eigna sem um ræðir.
  - Fjárhæð afskrifta ræðst af þremur meginþáttum:
    - Afskriftastofni
    - Áætluðum endingartíma
    - Afskriftaraðferð
  - Aðferðir við afskriftir eigna eru gjarnan flokkaðar með eftirfarandi hætti:
    - **Línuleg aðferð**
    - Einingaraðferð
    - Hröðunaraðferð
    - Sérstakar aðferðir



Akureyrarbær

# Afskriftir (fyrningar)



Akureyrarbær

- **Afskriftir eru frábrugðnar almennum rekstrargjöldum að því leyti að þær hafa ekki í för með sér peningalega hreyfingu.**
- **Dæmi um útreikning afskrifta**
- Fyrirtæki fjárfestir í framleiðslutæki fyrir 10 milljónir króna
- Áætlaður endingartími tækisins er 10 ár (afskrift 10%)
- Árleg afskrift er því  $10 \text{ milljónir} * 10\% = 1 \text{ milljón króna}$
- **Í dæminu hér að ofan var miðað við línulega afskrift. Sú aðferð er ráðandi í íslenskum reikningskilum.**
- **Fyrirtæki eru ekki skyld til að nota viðmiðunarhlutföll skattalaga við framsetningu afskrifta í ársreikningum. Þannig myndast oft mismunur á milli skattalegra afskrifta annars vegar og reikningshaldslegra afskrifta hins vegar.**

# Tekjuskattsskuldbinding



Akureyrarbær

## •Hvað er tekjuskattsskuldbinding?

- Í grundvallaratriðum byggist útreikningur tekjuskattsskuldbindingar (eða tekjuskattsinneignar) á mismun efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar.
- Mismunur sá sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og getur þar meðal annars vegar verið um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, t.a.m. afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í ársreikningi.

# Tekjuskattsskuldbinding



Akureyrarbær

## Tekjuskattsskuldbinding

Bókfært verð fastafjármuna .....	32.700.000
Skattalegt verð fastafjármuna .....	( 24.600.000)
Niðurfærsla samkvæmt skattalögum .....	200.000
Niðurfærsla í reikningsskilum .....	( 300.000)
Mismunur á bókfærðu og skattalegu verði .....	<u>8.000.000</u>
<b>Reiknuð tekjuskattsskuldbinding - 18,0% .....</b>	<b>1.440.000</b>

Skattskuldbindingin í dæminu hér að ofan stafar af mismun á færslu varanlegra rekstrarfjármuna og viðskiptakrafna í ársreikningi annars vegar og í skattframtali hins vegar.

Væru þær eignir sem um ræðir seldar (innleystar) við bókfærðu verði á reikningsskiladegi kæmi til tekjuskattgreiðsla þar sem að skattalegt verðmæti eignanna er lægra en bókfærða verðið.

Þannig myndast skattalegur söluhagnaður að fjárhæð 8 milljónir sem leiðir til 1.440 þúsund króna tekjuskattsgreiðslu.

# Lífeyrisskuldbinding

## • Hvað er lífeyrisskuldbinding?

- Lífeyrisskuldbinding myndast þegar félag gerir samning við starfsmann um lífeyrisréttindi sem eru umfram þær greiðslur sem félagið innir af hendi á hverjum tíma.
- **Lífeyrisskuldbinding breytist meðal annars við eftirfarandi:**
  - Starfsmaður vinnur sér inn aukin réttindi
  - Viðmiðunarlaun breytast umfram verðlagsbreytingar
  - Eftir aldri starfsmanns
  - Þegar greitt er af skuldbindingunni
  - Breytingar á lífslíkum



Akureyrarbær

# Lífeyrisskuldbinding



Akureyrarbær

## Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun .....	20.000.000
Breyting réttinda .....	5.200.000
Greiðslur ársins .....	( 3.000.000)
<b>Lífeyrisskuldbinding í árslok .....</b>	<b><u>22.200.000</u></b>

- **Í dæminu hér að ofan verða eftirfarandi breytingar á lífeyrisskuldbindingunni:**

- Réttindi starfsmanna aukast um 5,2 millj. kr. (hækkar skuldbindingu).
- Greiddar eru út 3,0 millj. kr. vegna skuldbindingarinnar (lækkar skuldbindingu).
- Nettóbreyting skuldbindingarinnar er því 2,2 millj. kr.



## Meðferð eignarhluta í öðrum félögum í reikningskilum



Akureyrarbær

- **Eignarhlutur sem er undir 20,0% af hlutafé í viðkomandi félagi.**
  - Almennt miðað við kostnaðarverðsreglu. Eignarhlutur bókfærður á kostnaðarverði.
- **Eignarhlutur sem liggur á bilinu 20,0 - 49,9% af hlutafé í viðkomandi félagi.**
  - Hlutdeildaraðferð. Hlutdeild í afkomu félagsins er færð til tekna/gjalda í sérstökum lið í ársreikningi. Eignarhlutur bókfærður í samræmi við hlutdeild í bókfærðu eigin fé félagsins.
- **Eignarhlutur sem liggur á bilinu 50,0 – 100,0% af hlutafé í viðkomandi félagi (dótturfélög sem lúta yfirráðum móðurfélags).**
  - Samstæðureikningsskil. Rekstur dótturfélags tekinn inn í samstæðureikning móðurfélags nema sérstakar ástæður standi til annars. Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélags er dregin frá eigin fé samstæðunnar í efnahagsreikningi. Sömuleiðis er hlutdeild minnihluta dregin frá rekstrarafkomu ársins.

# Hættumerki í rekstri



Akureyrarbær

- Möguleikar sveitarfélags / fyrirtækis til áframhaldandi starfsemi (going concern principle)
  - Viðvarandi taprekstur
  - Minnkandi framlegð
  - Versnandi eiginfjárstaða (aukin skuldsetning)
  - Versnandi greiðslustaða
  - Aukin birgðasöfnun
  - Aukning útistandandi krafna (umfram söluaukningu)
  - Lítil, minnkandi eða neikvæð fjármunamyndun (veltufé frá rekstri)
  - Viðvarandi fækkun íbúa

# Lestur og greining ársreikninga sveitarfélaga



Akureyrarbær

## •Samspil rekstrarreiknings, efnahagsreiknings og sjóðstreymis

- Rekstrarreikningur sýnir tekjur og gjöld og leiðir fram rekstrarafkomu tiltekins tímabils.
- Efnahagsreikningur sýnir fjárhæðir eigna og skulda á ákveðnum degi, þ.e. í lok reikningsskilatímabils.
- Yfirlit um sjóðstreymi sýnir fjárstreymishreyfingar og leiðir fram breytingu handbærs fjár á tilteknu tímabili.
- Færslur í rekstrarreikning eiga sér að jafnaði mótfærslu í efnahagsreikningi.
- Í yfirliti um sjóðstreymi eru leiddar fram breytingar á einstökum liðum efnahagsreiknings á tímabilinu.

# Lestur og greining ársreikninga sveitarfélaga



Akureyrarbær

## •Ársreikningar A-hluta, B-hluta og samantekin reikningsskil

- Rekstrarreikningur sveitarfélags birtir annars vegar rekstur A-hluta og hins vegar samantekinn rekstur A- og B-hluta.
- Efnahagsreikningur sveitarfélags birtir annars vegar rekstur A-hluta og hins vegar samantekinn rekstur A- og B-hluta.
- Yfirlit um sjóðstreymi sveitarfélags birtir annars vegar rekstur A-hluta og hins vegar samantekinn rekstur A- og B-hluta.
- Í samanteknum reikningsskilum eru öll innbyrðis viðskipti á milli stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins felld út sem og innbyrðis kröfur og skuldir á reikningsskiladegi.

# Lestur og greining ársreikninga sveitarfélaga



Akureyrarbær

## • Hvað segja þær upplýsingar sem koma fram í ársreikningi?

- **Ársreikningur sýnir þróun fjárhagsstærða yfir tíma.**
- **Meðal þess sem lesa má út úr ársreikningi sveitarfélags er:**
  - Rekstrarafkoma og samanburður við fjárhagsáætlun.
  - Skuldastaða og þróun hennar.
  - Eiginfjárstaða, fjárhagslegur styrkur.
  - Greiðslustaða.
  - Möguleikar sveitarfélags á að standa við skuldbindingar sínar í framtíðinni.
- **Upplýsingar úr ársreikningi eru þannig vísbending um hvert stefnir í fjármálum sveitarfélagsins að óbreyttu.**

# Lestur og greining ársreikninga sveitarfélaga



Akureyrarbær

## • Hvað segir ársreikningurinn okkur ekki ?

- Ársreikningur segir ekki til um þjónustustigið í sveitarfélaginu.
- Ársreikningur segir ekki til um framkvæmdastigið í sveitarfélaginu.
- Ársreikningur segir ekki til um gjaldskrár í sveitarfélaginu nema að hluta til.
- Ýmis önnur atriði sem skipt geta máli við samanburð á milli sveitarfélaga koma ekki fram í ársreikningum eðli máls samkvæmt.

# Lestur og greining ársreikninga sveitarfélaga



Akureyrarbær

## •Hvaða upplýsingar skipta okkur mestu máli?

- Rekstrarafkoma.
- Veltufé frá rekstri.
- Breyting á skuldastöðu.
- Breyting á greiðslustöðu.
- Fjárfestingar.
- Íbúapróun.
- Ýmsar aðrar stærðir.

# Lestur og greining ársreikninga sveitarfélaga



Akureyrarbær

## •Hvernig er hægt að vinna nánar með upplýsingar úr ársreikningi?

- **Reikna út hlutföll og kennitölur.**
- Hlutfallsleg skipting rekstrartekna í skatttekjur, framlög jöfnunarsjóðs og aðrar tekjur.
- Rekstrarliðir í hlutfalli við tekjur
- Afkoma í hlutfalli við tekjur.
- Veltufé frá rekstri í hlutfalli við tekjur.
- Skuldir og skuldbindingar í hlutfalli við tekjur.
- Veltufjárhlutfall.
- Eiginfjárhlutfall.
  
- **Hlutföll og kennitölur er hægt að bera saman við fyrri tímabil og / eða önnur sveitarfélög.**
- **Mikilvægt er að hafa í huga þær takmarkanir sem kunna að vera á slíkum samanburði.**



# Lestur og greining ársreikninga sveitarfélaga



Akureyrarbær

## •Tengsl fjárhagsáætlunar og ársreiknings

- **Fjárhagsáætlun felur í sér áætlun um tekjur og heimildir til útgjalda.**
- **Fjárhagsáætlun felur einnig í sér heimildir til fjárfestinga og fjármögnunar.**
- **Ef fjárhagsáætlun sveitarfélags er fylgt út í ystu æsar ætti í raun ekki að vera neinn munur á fjárhagsáætlun og ársreikningi.**
- **Fjárhagsáætlun er mikilvægt stjórnþæki í rekstri sveitarfélaga.**
- Óheimilt að stofna til útgjalda sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun.
- **Mismunandi áætlanagerð.**
- Rammaáætlanir.
- Fjárheimildir – flutningur á milli ára.

# Lestur og greining ársreikninga sveitarfélaga



Akureyrarbær

## • Kennitölur um sveitarfélögin í landinu – þróun í fjármálum þeirra

- Árbók sveitarfélaga gefin út af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Gagnagrunnur, starfræktur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga með samstarfssamningi við Innanríkisráðuneytið og Hagstofu Íslands.
- Með tilkomu gagnagrunnsins er gert ráð fyrir að auðveldara en áður verði að fá heildstæðar upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélaganna í landinu auk þess sem ýmiskonar samanburður á milli sveitarfélaga verður líka auðveldari.

# Fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga



Akureyrarbær

## •Eftirlit með fjármálum sveitarfélaga – mælikvarðar eftirlitsnefndar

- **Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga starfar samkvæmt reglugerð nr. 502/2012 sem sett er á grundvelli 78. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011**
- *Hlutverk eftirlitsnefndar.*
- Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skal fylgjast með fjármálum, þ.m.t. reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, og bera þau saman við viðmiðanir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Nefndin skal hafa almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur.
- Nefndin skal hafa almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur. Eftirlit nefndarinnar og ákvarðanir hennar skulu byggjast á heildarmati á fjárhagslegri stöðu viðkomandi sveitarfélaga

# Fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga



Akureyrarbær

- ***Um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.***
- Til að ná markmiðum laga um fjárhagslega sjálfbærni og jafnvægi í rekstri skulu sveitarstjórnir tryggja að:
  - a) Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum (jafnvægisregla).
  - b) Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum samkvæmt þeim reikniaðferðum sem lýst er í IV. kafla reglugerðar þessarar (skuldaregla)

# Fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga



Akureyrarbær

- ***Viðmið um jafnvægi í rekstri.***
- Við samþykkt fjárhagsáætlana ber sveitarstjórn að sjá til þess að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta yfir þriggja ára tímabil verði ekki hærra en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja. Í því felst að samanlögð rekstrarniðurstaða samkvæmt ársreikningi fyrir næstliðið ár, áætluð rekstrarniðurstaða fyrir yfirstandandi ár með hliðsjón af gildandi fjárhagsáætlun og samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár sýni jákvæða rekstrarniðurstöðu samstæðunnar.

# Fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga



Akureyrarbær

- **Útreikningur skuldahlutfalls og skuldaviðmiðs.**
- Við útreikning á skuldahlutfalli skv. 2. tölul. 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga skal taka tillit til allra skulda og skuldbindinga, þar á meðal langtímaskulda, skuldbindinga vegna leigu- og rekstrarsamninga, lífeyrisskuldbindinga, annarra skuldbindinga og skammtímaskulda. Við útreikning á skuldaviðmiði skv. 2. tölul. 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og b-lið 6. gr. reglugerðar þessara skal fylgja eftirfarandi reikniaðferðum
- **1. Leiguskuldbinding frá ríkissjóði:** Ef sveitarfélag hefur gert samning við ríkissjóð um fjármögnun verkefna um fasteignir, sem felur m.a. í sér langtímaskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs um stöðugar tekjur af fjárfestingunni, er heimilt að draga frá heildarskuldum og skuldbindingum núvirta fjárhæð þess hluta leiguverðsins á samningstíma, sem ætlaður er vegna fjárfestingarinnar. Við útreikninginn skal jafnframt draga frá fjárhæð leiguverðsins. Forsenda fyrir frádrætti er að upplýsingar um núvirta fjárhæð leigusamnings vegna fjárfestingarinnar komi fram í skýringum ársreiknings ásamt fjárhæð leiguverðs vegna viðkomandi reikningsárs.

# Fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga



Akureyrarbær

- **Útreikningur skuldahlutfalls og skuldaviðmiðs, frh.**
- **2. Lífeyrisskuldbindingar:** Draga skal frá heildarskuldum og skuldbindingum núvirði lífeyrisskuldbindinga sem áætlað er að komi til greiðslu lífeyris eftir 15 ár og síðar. Forsenda fyrir frádrættinum er að fram komi í skýringum ársreiknings upplýsingar um skiptingu núvirðis lífeyrisskuldbindinga vegna greiðslu lífeyris næstu 15 árin og eftir það.
- **3. Hreint veltufé:** Sé hreint veltufé jákvætt skal draga það frá heildarskuldum og skuldbindingum.

# Fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga



Akureyrarbær

- **Aðrar lykiltölur.**
- Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga reiknar m.a. eftirfarandi lykiltölur við yfirferð á ársreikningum sveitarfélaga:
  1. Reiknast sem hundraðshluti af reglulegum tekjum:
    - a. Framlegð.
    - b. Rekstrarniðurstaða.
    - c. Veltufé frá rekstri.
    - d. Skuldahlutfall.
    - e. Skuldaviðmið.
  2. Aðrar lykiltölur:
    - a. Veltufjárhlutfall.
    - b. Vaxtaberandi skuldir og skuldbindingar sem hlutfall af veltufé frá rekstri.
    - c. Peningaleg staða.



# Fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga



Akureyrarbær

- **Aðrar lykiltölur, frh.**
- Við mat á rekstri og fjárhagsstöðu sveitarfélags skal eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga einnig hafa til hliðsjónar eignir og skuldbindingar A- og B-hluta utan efnahags, þ.m.t. ábyrgðir. Við skoðun lykitalna samkvæmt þessari grein skal nefndin meta sérstaklega reikningsskil A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar.  
Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga getur sett nánari vinnureglur um útreikning lykitalna og samanburð þeirra við viðmið skv. 6. gr. reglugerðar þessarar.

# Lestur og greining ársreikninga sveitarfélaga



Akureyrarbær

## •Samanburður milli sveitarfélaga

- Þegar lagt er mat á fjárhagsstöðu sveitarfélaga og samkeppnishæfni þeirra má lesa ýmsa þætti út úr ársreikningum eins og áður segir:
  - Rekstrarafkoma.
  - Fjármunamyndun rekstrar.
  - Skuldastaða, skuldaþróun og greiðslustaða.
  - Íbúaðróun og íbúasamsetning.
- **Mikilvægt að hafa einnig í huga aðrar upplýsingar sem ekki koma fram í ársreikningi:**
  - Þjónustustig.
  - Framkvæmdastig / framkvæmdaþörf.
  - Þjónustustefnu o.fl.

# Á árinu 2011 setti EFS fram viðmið um samspil skulda, framlegðar og veltufjár frá rekstri



Akureyrarbær

## Lágmarksviðmið

Skuldahlutfall - nettó skuldir sem hlutfall af tekjum	50%	100%	150%	200%	250%
Framlegð sem hlutfall af tekjum	5,0%	10,0%	15,0%	20,0%	25,0%
Rekstrarniðurstaða	> 0	> 0	> 0	> 0	> 0
Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	2,5%	5,0%	7,5%	10,0%	12,5%
Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldbindinga	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0
Ný lántaka / fjárfesting sem hlutfall af skuldum	5,0%	5,0%	5,0%	2,5%	0,5%
Endurgreiðslutími skulda	20 ár	20 ár	20 ár	20 ár	20 ár
Veltufjárhlutfall	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0
Viðmið vaxta	5,0%	5,0%	5,0%	5,0%	5,0%
Aðlögunartími				10 ár	10 ár



Akureyrarbær

# Fjárhagsáætlun

# Fjárhagsáætlun



Akureyrarbær

## Sveitarstjórnarlög 138/2011 VII. kafli laganna 62. gr.

- Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir **komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir**. Saman mynda þessar áætlanir **fjögurra ára áætlun** fyrir sveitarfélagið sem felur í sér heildaráætlun um fjármál sveitarfélagsins á tímabilinu, bæði A- og B-hluta skv. 60. gr
- Skal fjárhagsáætlun næsta árs fela í sér **bindandi ákvörðun** um allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélagsins á því ári sem hún tekur til, sbr. nánari fyrirmæli í 63. gr.
- **Bæjarráð** leggur tillögu um fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn eigi síðar en **1. nóvember**. Bæjarstjórn skal fjalla um þær á **tveimur fundum** sem fram skulu fara með minnst **tveggja vikna millibili** (síðasta lagi **15. desember**).

# Fjárhagsáætlun



Akureyrarbær

## Sveitarstjórnarlög 138/2011 VII. kafli laganna 62. gr.

- Fjárhagsáætlanir skulu gefa **glögga mynd** af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á **handbæru fé**. Einnig skal þar koma fram **greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir** sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.
- Tillögum bæjarráðs um fjárhagsáætlun skulu fylgja upplýsingar um þær forsendur sem byggt er á. Tillögunum skal fylgja lýsing helstu framkvæmda og skuldbindinga sem gert er ráð fyrir.

# Fjárhagsáætlun



## Akureyrarbær

- Áætlað er fyrir öllum liðum rekstrar, fyrir allar einingar:
  - Dæmi: Matvara í Brekkuskóla: 15 m.kr árið 2022
  - Áætlun er dreift niður á mánuði og eftirfylgni er eftir alla mánuði.
- Áætlað er fyrir nýframkvæmdum sem færast á efnahagsreikning
- Saman myndar þetta áætlun um rekstrar- og efnahagsreikning og sjóðsstreymi.

Framkvæmdaáætlun	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025
<b>Félagsþjónusta</b>	<b>20.000</b>	<b>180.000</b>	<b>180.000</b>	<b>0</b>
Nýtt hjúkrunarheimili, hlutur Akureyrarbæjar	20.000	180.000	180.000	
<b>Fræðslu- og uppeldismál</b>	<b>850.000</b>	<b>485.000</b>	<b>70.000</b>	<b>95.000</b>
Glerárskóli A álma	300.000	200.000		
Glerárskóli C álma og anddyri	10.000			10.000
Glerárskóli lóð	10.000	150.000		
Lundarskóli B álma	370.000			
Lundarskóli salur				10.000
Lundarskóli, leikskóli		5.000		65.000
Oddeyrarskóli lóð	120.000			
Brekkuskóli, umferðaröryggismál		10.000		
Giljaskóli, umferðaröryggismál og bílastæði			70.000	
Síðuskóli lóð	10.000	120.000		
Síðuskóli endurbætur				10.000
Sparkvellir, endurnýjun	30.000			
<b>Menningarmál</b>	<b>30.000</b>	<b>50.000</b>	<b>50.000</b>	<b>50.000</b>

# Fjárhagsáætlun

Samantekið - A og B hluti			
	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
<b>Rekstrarreikningur</b>			
<b>Rekstrartekjur</b>			
Útsvar og fasteignaskattur.....	14.552.410	15.236.557	15.949.320
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	3.800.000	4.010.900	4.228.692
Aðrar tekjur.....	8.944.860	9.169.882	9.479.147
	27.297.270	28.417.339	29.657.160
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld.....	15.459.564	15.848.298	16.371.034
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	800.000	600.000	600.000
Annar rekstrarkostnaður.....	7.698.896	7.893.743	8.063.860
	23.958.460	24.342.041	25.034.894
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>	3.338.810	4.075.298	4.622.266
Afskriftir.....	( 2.116.583 )	( 2.208.771 )	( 2.269.214 )
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda</b>	1.222.227	1.866.527	2.353.052
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>			
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	33.777	24.752	23.617
Vaxtatekjur af kröfum á eigin fyrirtæki.....	0	0	0
Vaxtagjöld og verðbætur.....	( 1.834.398 )	( 1.678.976 )	( 1.717.733 )
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....	( 0 )	( 0 )	0
Gengismunur.....	0	0	0
	( 1.800.622 )	( 1.654.224 )	( 1.694.116 )
<b>Rekstrarniðurstaða án framlaga og skatta</b>	( 578.395 )	212.302	658.936



Akurevrbær

## Fjárhagsáætlun 2022

Félagsþjónusta		Áætlun 2022
<b>Sameiginlegir liðir</b>	<b>Rekstrarreikningur</b>	<b>139.781</b>
1020100 - Skrifst velferðarráð	<b>Rekstrarreikningur</b>	<b>147.354</b>
	Tekjur	136.808
	Laun og launatengd gjöld	212.374
	Vörukaup	4.479
	Þjónustukaup	67.309
1020102 - Umbótaverkefni- Félagsþjónusta	<b>Rekstrarreikningur</b>	<b>-8.000</b>
	Laun og launatengd gjöld	-8.000
1020190 - Skrifsthús Glerárg26	<b>Rekstrarreikningur</b>	<b>427</b>
	Tekjur	72.368
	Laun og launatengd gjöld	9.318
	Vörukaup	3.176
	Þjónustukaup	60.301
<b>Félagssleg aðstoð</b>	<b>Rekstrarreikningur</b>	<b>339.378</b>






Akureyrarþing

# Fjárhagsáætlun – Innri leiga

- Stærsti hluti rekstrargjalda eru laun og tengd gjöld.
- Næst stærsti liðurinn er innri leiga.
- Innri leiga er leiga á fasteignum og búnaði sem eignfærður hefur verið í öðru fyrirtæki.
- Skólahúsnæði er í eigu Fasteigna Akureyrar sem greiðir tryggingar, viðhald o.fl. en málaflokkur fræðslumála greiðir innri leigu.
- Fjárfestingar hafa þannig áhrif á rekstur í 10-40 ár

## Fræðslumál



# Fjárhagsáætlun – Innri leiga




Akureyrarbær

- Eignasjóður kaupir Slökkvibíl fyrir 10 m.kr. → Færður á eignir í efnahagsreikningi eignasjóðsins.
- Bíllinn er afskrifaður á 10 árum, 1 m.kr á ári sem færist á gjaldahlið rekstrarreiknings.
- Samhliða minnar eignin á efnahagsreikning
- Eignasjóðurinn rukkar slökkviliðið um leigu sem byggir á stofnkostnað, kostnaði við fjármögnun, viðhald, tryggingar o.fl. Sú upphæð er verðtryggð.

	Kaupár									
	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031
Eignur	10.000	9.000	8.000	7.000	6.000	5.000	4.000	3.000	2.000	1.000
Afskrift		1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000
Tekjur	Eignasjóð		125	125	125	125	125	125	125	125
Leiga	Slökkvilið		1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000

# Tímaáætlun ársins 2022 vegna vinnu við gerð fjárhagsáætlunar Akureyrarbæjar 2023-2026





Akureyrarbær

# Fjárhagsáætlunarferli

- Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar er **rammafjárhagsáætlun**.
- Markmiðið með rammafjárhagsáætluninni er:
  - Að áætlun um rekstrarútgjöld bæjarins grundvallist á fyrirsjáanlegum tekjum.
  - Að ábyrgð og ákvarðanir séu eins nálægt notendum þjónustu og við verður komið.
  - **Að ábyrgðarmörk séu skýr.**
  - Að sviðsstjórar og fagrað hafi athafnafrelsi í rekstri málaflokka.
  - Að forstöðumenn hafi athafnafrelsi í rekstri stofnana.

# Hlutverka og ábyrgð í fjárhagsáætlunarferlinu



Akureyrarbær

## Bæjarstjórn

- Mótar stefnu og áherslur sem fjárhagsáætlun byggist á.
- Ræðir tillögur að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir á tveimur fundum.
- Samþykkir breytingar á gjaldskrá, þjónustustigi, nýja starfsemi og starfsemi sem áformað er að leggja af.
- Samþykkir fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun og fela í sér heildaráætlun um fjármál bæjarins á tímabilinu, bæði A- og B-hluta.

# Hlutverka og ábyrgð í fjárhagsáætlunarferlinu



Akureyrarbær

## Bæjarráð

- Samþykkir tekjuramma og skiptingu rekstrarfjár í fjárhagsramma málaflokka.
- Gerir tillögur að breytingum í rekstri, á gjaldskrá og þjónustustigi í starfsáætlunum.
- Fjallar um tillögur um nýframkvæmdir.
- Samþykkir tillögur sviðsstjóra að starfsáætlun og skiptingu á fjárhagsramma málaflokks niður á stofnanir.
- Leggur fram tillögur að starfs- og fjárhagsáætlun til fyrri umræðu í bæjarstjórn og eftir atvikum breytingartillögur til síðari umræðu.

# Hlutverka og ábyrgð í fjárhagsáætlunarferlinu



Akureyrarbær

## Bæjarstjóri og formaður bæjarráðs

- Bera ábyrgð á undirbúningi fjárhagsáætlunar.
- Leggja fyrir bæjarráð tillögur að skiptingu áætlaðra tekna fjárhagsársins milli almennra rekstrargjalda og fjárfestinga.
- Gera tillögur að skiptingu rekstrarfjár í fjárhagsramma fyrir einstaka málaflokka og ófyrirséð gjöld og leggja þær fyrir bæjarráð til afgreiðslu.

# Hlutverka og ábyrgð í fjárhagsáætlunarferlinu



Akureyrarbær

## Formenn fagraða

- Bera ábyrgð á að skila inn tillögum að viðhalds og framkvæmdaáætlun fyrir sína málaflokka.
- Bera ábyrgð á að upplýsa nefndafólk um framvindu fjárhagsáætlunar og ákvarðana sem bæjarráð tekur er snerta viðkomandi ráð.

## Fagráð

- Er bæjarstjórn til ráðuneytis um stefnumótun og forgangsröðun verkefna.
- Leggur fram tillögur til bæjarráðs að breytingum á þjónustustigi, nýrri starfsemi og starfsemi sem hægt sé að leggja niður eða breyta.
- Fjallar um fjárhagsáætlun og samþykkir starfsáætlun og vísar til bæjarráðs.



# Hlutverka og ábyrgð í fjárhagsáætlunarferlinu



Akureyrarbær

## Sviðsstjórar

- Vinnur starfsáætlun með fagráði.
- Gerir tillögu til bæjarráðs um skiptingu fjárhagsramma stofnana og verkefna á hans sviði.
- Ber ábyrgð á að skila sundurliðaðri fjárhagsáætlun á einstaka gjaldaliði til fjársýslusviðs.

# Hlutverka og ábyrgð í fjárhagsáætlunarferlinu



Akureyrarbær

## Sviðsstjóri fjársýslusviðs

- Áætla skatttekjur og aðrar tekjur aðalsjóðs á næsta ári og leggur fram yfirlit yfir helstu forsendur varðandi þróun tekna og gjalda.
- Áætla skatttekjur og aðrar tekjur aðalsjóðs næstu þrjú ár þar á eftir.
- Leggur fram forsendur fjárhagsáætlunar og leggur mat á almennar verðlagsbreytingar milli fjárhagsára.
- Fer yfir fjárhagsáætlanir og aðgætir hvort þær eru samkvæmt gefnum forsendum.
- Leiðbeinir um samræmda framsetningu fjárhags- og starfsáætlana.
- Annast frágang og útgáfu tillagna að fjögurra ára fjárhagsáætlun.
- Annast útgáfu samþykkrar fjögurra ára fjárhagsáætlunar.

# Fjárhagsáætlun - viðaukar



Akureyrarbær

- Fjárhagsáætlun yfirstandandi árs er **bindandi** um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins.
- Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun nema sveitarstjórn hafi **áður** samþykkt **viðauka** við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykkttri áætlun.

# Fjárhagsáætlun - viðaukar

- Bregðast þarf við breyttum forsendum, t.d. efnahagskreppa og 2x meiri aðsókn er í vinnuskólann er gert var ráð fyrir.
- Forstöðumaður og/eða sviðsstjóri óska eftir auknum fjárheimildum frá fagráði, í þessu tilfalli fræðslu- og lýðheilsuráði.
- Fagráð fjallar um erindið og óskar eftir viðauka til bæjarráðs með bókun.
- Bæjarráð tekur málið fyrir og felur sviðsstjóra fjársýslusviðs og útbúa viðauka.
- Fjársýslusvið gerir viðauka: Hann inniheldur stutta skýringu á ástæðum viðaukans, hvernig útgjaldaaukningu verður mætt og bókun fagráðs og bæjarráðs um málið.
- Viðaukinn fer svo fyrir bæjarráð og bæjarstjórn.



Akureyrarbær

Viðauki nr. 2

Fyrir fjárhagsárið 2021, lagður fram í bæjarráð 6. maí 2021

Lagður fram viðauki nr. 2 fyrir fjárhagsárið 2021.

Viðaukinn er vegna a) kaupa á hluta af landi jarðarinnar Hesjuvalla, 25 m.kr. b) sérúræða í leikskólum, 40 m.kr. og c) kjarasamnings við Félag grunnskólakennara, 258 m.kr. Á móti er launapottur á fræðslusviði færður niður, 204 m.kr. Útgjaldaaukning vegna viðaukans er samtals 119 m.kr. og er mætt með lökkun á handbæru fé.

Úr fundargerð bæjarráðs 8. apríl 2021, 4. Liður:

4.Hesjuvellir - fyrirspurn til skipulagssviðs vegna skilgreiningar á landskika  
Málsnúmer [2021040024](#)



Akureyrarbær

Opinber innkaup  
Aðgerðir gegn markaðssvikum

# Meginreglur um opinber innkaup



Akureyrarbær

- Lög um opinber innkaup nr. 120/2020
- Markmið með lögum þessum er að tryggja jafnræði fyrirtækja, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu.
- Lög þessi taka til ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra opinberra aðila, sbr. 2. mgr. Lögin taka einnig til samtaka sem þessir aðilar, einn eða fleiri, hafa með sér.

# Meginreglur um opinber innkaup



Akureyrarbær

- *Meginreglur við innkaup.*
- Gæta skal jafnræðis, meðalhófs og gagnsæis við opinber innkaup. Óheimilt er að mismuna fyrirtækjum á grundvelli þjóðernis eða takmarka samkeppni með óeðlilegum hætti. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í innkaupaferli til að tryggja jafnræði.
- *Meginreglur um val á innkaupaferli.*
- Innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum skv. 1. og 4. mgr. 23. gr. skulu fara fram á grundvelli almenns eða lokaðs útboðs samkvæmt nánari reglum V., VI. og VII. kafla. Einnig er heimilt að bjóða til nýsköpunarsamstarfs skv. 38. gr., kaupa inn á grundvelli rammisamnings skv. 40. gr. og gagnvirks innkaupakerfis skv. 41. gr.

# Meginreglur um opinber innkaup



Akureyrarbær

- *Almennt útboð.*
- Í almennum útboði er öllum fyrirtækjum heimilt að leggja fram tilboð í kjölfar útboðsauglýsingar. Með tilboði skulu fylgja upplýsingar vegna hæfismiðaðs vals sem kaupandi hefur farið fram á í auglýsingu eða útboðsgögnum.
- *Lokað útboð.*
- Í lokaðu útboði geta fyrirtæki sótt um að taka þátt í innkaupaferli í kjölfar útboðsauglýsingar með því að senda inn upplýsingar vegna hæfismiðaðs vals sem kaupandi hefur farið fram á í auglýsingu eða útboðsgögnum. Kaupandi getur með forvali takmarkað fjölda hæfra þátttakenda sem boðið er að taka þátt í ferlinu í samræmi við 78. gr. Aðeins þau fyrirtæki sem kaupandi býður til þátttöku, eftir að hafa lagt mat á fram lagðar upplýsingar, geta skilað inn tilboði í lokaðu útboði.



# Meginreglur um opinber innkaup



Akureyrarbær

- *Rammasamningar.*
- Rammasamninga skal gera í samræmi við þau innkaupaferli sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Rammasamningur er samningur sem einn eða fleiri kaupendur gera við einn eða fleiri bjóðendur í þeim tilgangi að ákveða skilmála samninga sem gerðir verða á tilteknu tímabili. Gildistími rammasamnings má ekki vera lengri en fjögur ár nema í undantekningartilvikum sem helgast af málefnalegum ástæðum, einkum þeim sem tengjast efni rammasamningsins.
- **Akureyrarbær er aðili að rammasamningum**

# Meginreglur um opinber innkaup



Akureyrarbær

- *Viðmiðunarfjárhæðir, reglugerð 360/2022.*
- Öll innkaup opinberra aðila á vörum, þjónustu og verkum yfir innlendum og erlendum viðmiðunarfjárhæðum skulu auglýst opinberlega á útboðsvef (utbodsvefur.is) sem er sameiginlegur auglýsingavettvangur fyrir opinber útboð, sbr. 55. gr. laga um opinber innkaup.
- Viðmiðunarfjárhæðir vegna skyldu til útboðs innanlands, samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga um opinber innkaup að teknu tilliti til breytinga á vísitölu neysluverðs, eru fyrir vöru- og þjónustusamninga 18.519.000 kr. og fyrir verksamninga 58.543.000 kr.

# Meginreglur um opinber innkaup



Akureyrarbær

- *Viðmiðunarfjárhæðir, reglugerð 360/2022.*
- Viðmiðunarfjárhæðir vegna skyldu til útboðs á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt 4. mgr. 23. gr. laga um opinber innkaup skulu vera sem hér segir:
- Sveitarfélög, stofnanir þeirra, aðrir opinberir aðilar á þeirra vegum og samtök sem þessir aðilar kunna að hafa með sér:

Vörusamningar 32.314.000 kr.

Þjónustusamningar 32.314.000 kr.

Verksamningar 808.914.000 kr.

# Meginreglur um opinber innkaup



Akureyrarbær

- **Kærunefnd útboðsmála.**
- Hlutverk kærunefndar útboðsmála er að leysa með skjótum og óhlutdrægum hætti úr kærum fyrirtækja vegna ætlaðra brota á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim, þar á meðal um almenn innkaup opinberra aðila, innkaup á sviði varnar- og öryggismála, innkaup opinberra aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og gerð sérleyfissamninga.
- Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum. Úrskurðum hennar og ákvörðunum samkvæmt lögum þessum verður ekki skotið til annarra stjórnvalda.
- Kærunefnd útboðsmála fjallar um lögmæti innkaupa þeirra opinberu aðila sem lögin taka til, sbr. 3. gr.

# Lög um aðgerðir gegn markaðssvikum



Akureyrarbær

- Lög um aðgerðir gegn markaðssvikum 60/2021
- REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 596/2014
- Akureyrarbær er útgefandi skuldabréfa á markaði ( í kauphöll). Regluverkið nær því til bæjarins.
- Séu innherjaupplýsingar til staðar er með öllu óheimilt að að eiga viðskipti með skuldabréf bæjarins og varðar viðurlögum um innherjasvik, ólögæta miðlun og markaðsmisnotkun.
- Innherjaupplýsingar m.a.:
- nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða, beint eða óbeint, einn eða fleiri útgefendur eða einn eða fleiri fjármálagerninga og væru líklegar, yrðu þær gerðar opinberar, til að hafa marktæk áhrif á verð fjármálagerninganna eða verð tengdra afleiddra fjármálagerninga.
- Innherjasvik:
- Að því er varðar þessa reglugerð teljast það innherjasvik ef aðili býr yfir innherjaupplýsingum og notar þær til að kaupa eða selja, fyrir eigin reikning eða reikning þriðja aðila, beint eða óbeint, fjármálagerninga sem þær upplýsingar varða

# Lög um aðgerðir gegn markaðssvikum



Akureyrarbær

- **14. gr. Bann við innherjasvikum og ólögmati miðlun innherjaupplýsinga**
- Aðili skal ekki: a) taka þátt eða gera tilraun til að taka þátt í innherjasvikum, b) ráðleggja að annar aðili taki þátt í innherjasvikum eða hvetja annan aðila til að taka þátt í innherjasvikum né c) miðla innherjaupplýsingum með ólögmetum hætti.
- **15. gr. Bann við markaðsmisnotkun**
- Aðili skal hvorki taka þátt né gera tilraun til að taka þátt í markaðsmisnotkun.
- **17. gr. Opinber birting innherjaupplýsinga**
- Útgefandi skal birta almenningi eins fljótt og auðið er þær innherjaupplýsingar sem varða beint þann útgefanda.

# Lög um aðgerðir gegn markaðssvikum



Akureyrarbær

- **Úr 18. gr. Innherjalistar**
- Útgefendur eða aðilar sem koma fram fyrir þeirra hönd eða aðhafast fyrir reikning þeirra skulu:
  - a) gera lista yfir alla aðila sem hafa aðgang að innherjaupplýsingum og starfa fyrir þá samkvæmt ráðningarsamningi, eða hafa á annan hátt með höndum verkefni sem þeir hafa aðgang að innherjaupplýsingum gegnum, s.s. ráðgjafa, endurskoðendur eða lánshæfismatsfyrirtæki (innherjalista),
  - b) uppfæra innherjalistann tafarlaust í samræmi við 4. mgr. og
  - c) afhenda lögbæru yfirvaldi innherjalistann eins fljótt og auðið er að beiðni þess. .

# Lög um aðgerðir gegn markaðssvikum



Akureyrarbær

- **Úr 18. gr. Innherjalistar**
- Útgefendur eða aðilar sem koma fram fyrir þeirra hönd eða aðhafast fyrir reikning þeirra skulu:
  - a) gera lista yfir alla aðila sem hafa aðgang að innherjaupplýsingum og starfa fyrir þá samkvæmt ráðningarsamningi, eða hafa á annan hátt með höndum verkefni sem þeir hafa aðgang að innherjaupplýsingum gegnum, s.s. ráðgjafa, endurskoðendur eða lánshæfismatsfyrirtæki (innherjalista),
  - b) uppfæra innherjalistann tafarlaust í samræmi við 4. mgr. og
  - c) afhenda lögbæru yfirvaldi innherjalistann eins fljótt og auðið er að beiðni þess.



## Lög um aðgerðir gegn markaðssvikum



Akureyrarbær

- Úr 18. gr. Innherjalistar
- Innherjalistinn skal tilgreina a.m.k.:
- a) deili á hverjum þeim aðila sem hefur aðgang að innherjaupplýsingum,
- b) ástæður þess að viðkomandi aðili er á innherjalistanum,
- c) dagsetningu og tíma þegar aðilinn fékk aðgang að innherjaupplýsingunum og d) dagsetninguna þegar innherjalistinn var gerður.

# Lög um aðgerðir gegn markaðssvikum



Akureyrarbær

- Úr 18. gr. Innherjalistar
- Útgefendur sem hafa fengið fjármálagerninga sína tekna til viðskipta á vaxtarmarkaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, skulu undanþegnir því að gera innherjalista, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:
  - að útgefandi geri allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að allir aðilar sem hafa aðgang að innherjaupplýsingum viðurkenni þær skyldur sem því fylgir samkvæmt lögum og reglum og geri sér grein fyrir þeim viðurlögum sem gilda um innherjasvik og ólögmetna miðlun innherjaupplýsinga og
  - b) að útgefandinn geti afhent lögbæru yfirvaldi innherjalista samkvæmt beiðni.

# Lög um aðgerðir gegn markaðssvikum



Akureyrarbær

- **Innherjar**
- situr í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitseiningu þess aðila eða
- b) er yfirstjórnandi, sem situr ekki í stjórn eða þeim einingum sem um getur í a-lið en hefur reglulegan aðgang að innherjaupplýsingum sem tengjast þeim aðila beint eða óbeint og hefur vald til að taka stjórnunarákvarðanir sem hafa áhrif á framtíðarþróun og rekstrarhorfur þess aðila,
- Nær einnig til „nákominn aðili“:
- a) maki eða samvistarmaki sem telst jafngildur maka í samræmi við landslög,
- b) barn á framfæri, í samræmi við landslög,
- c) skyldmenni sem hefur búið á sama heimili í a.m.k. eitt ár á þeim degi sem viðkomandi viðskipti fara fram eða
- d) lögaðili, sjóður eða sameignarfélag þar sem stjórnunarstörfum er gegnt af einstaklingi sem gegnir stjórnunarstörfum eða einstaklingi sem um getur í a-, b- eða c-lið, eða sem sá einstaklingur stjórnar beint eða óbeint, ► C1 sem ◀ komið er á fót í þágu þess einstaklings eða hefur fjárhagslega hagsmuni sem fara að verulegu leyti saman við hagsmuni þess einstaklings,

## Nokkrar gagnlegar krækjur

Sveitarstjórnarlög: nr. 138/2011

<http://www.althingi.is/lagas/148b/2011138.html>

Lög um bókhald: nr. 145/1994

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/1994145.html>

Lög um ársreikninga: nr. 3/2006

<http://www.althingi.is/lagas/148b/2006003.html>

Reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. nr. 696/1996

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/fjarmalaraduneyti/nr/1914>

Reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. 1212/2015

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/innanrikisraduneyti/nr/1212-2015>

Reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.: nr. 502/2012

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/innanrikisraduneyti/nr/18295>

Reglugerð um rafræna reikninga, rafrænt bókhald, skeytamiðlun, skeytaþjónusta, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna reikninga- og bókhaldskerfa: Nr. 505/2013

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/atvinnuvega--og-nyskopunarraduneyti/nr/18748>

Ársreikningar Akureyrarbæjar og sundurliðunarbækur

<https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/utgefid-efni/index/arsreikningar>

Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar:

<https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/utgefid-efni/index/fjarhagsaetlun>

Reglur um viðauka, heimasíða akureyrarbæjar

[https://www.akureyri.is/static/files/01\\_akureyri.is/pdf/reglur-um-gerd-og-medferd-vidauka-vid-fjarhagsaetlun.pdf](https://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/reglur-um-gerd-og-medferd-vidauka-vid-fjarhagsaetlun.pdf)

Lög um aðgerðir gegn markaðssvikum: nr. 60/2021

<https://www.althingi.is/lagas/152b/2021060.html>

Reglugerð EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 596/2014

<https://www.efta.int/media/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32014R0596.pdf>



Akureyrarbær